Vorráðstefna
Jarðfræðafélags Íslands

Ágrip erinda

Haldin í Öskju,
Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
9. mars 2018

Vorráðstefna
Jarðfræðafélags Íslands

Ágrip erinda

Haldin í Öskju,
Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands
9. mars 2018

Umsjón:
Þorsteinn Sæmundsson, Sigurlaug María Hreinsdóttir, Lúðvík E. Gústafsson, Ásta Rut Hjartardóttir, Þóra Björg Andrésdóttir, Sylvía Rakel Guðjónsdóttir og Erla María Hauksdóttir

Dagskrá Vorráðstefnu JFÍ, 9. mars 2018

08:20 – 08:50	Skráning
Fundarstjóri	**Erla María Hauksdóttir**
08:50 – 09:00	Setning *Þorsteinn Sæmundsson*
09:00 – 09:15	Þróun sigkatla Mýrdalsjökuls frá 2010 til 2017 lesin úr hæðarkortum aflað með fjarkönnun, yfirborðshæðarsniðum og hreyfingu GPS-stöðva í kötlum *Eyjólfur Magnússon*
09:15 – 09:30	Magma storage conditions below Eyjafjöll, based on clinopyroxene macro- and megacrysts from Seljalandsheiði *Bryndís Ýr Gísladóttir*
09:30 – 09:45	Volcanic fingerprints in stable water isotopes of precipitation over the North Atlantic *Hera Guðlaugsdóttir*
09:45 – 10:00	Skýrir kristöllun apatíts úr Heklukviku myndun súru kvikunnar? *Ingibjörg Andrea Bergþórsdóttir*
10:00 – 10:15	Conceptual model of Krafla *Knútur Árnason*
10:15 – 10:30	Quartz formation processes in the Icelandic crust – A coupled $\delta^{18}O$ and $\delta^{30}Si$ study *Barbara Kleine*
10:30 – 11:00	**Kaffi – Veggspjaldasýning**
11:00 – 11:15	Hversu hratt þróast kvika í rótum Heklu? *Olgeir Sigmarsson*
11:15 – 11:30	Country-wide deformation field over Iceland inferred from interferometric analysis of Sentinel-1 SAR images *Vincent Drouin*
11:30 – 11:45	Physical modeling constraints on thickness and geometry of the melt body feeding the 2014-2015 diking and eruption, and the triggering of caldera collapse, in the Bárðarbunga volcanic system *Freysteinn Sigmundsson*
11:45 – 12:00	Breytingar á b-gildi jarðskjálfta í Bárðarbungu í tengslum við yfirstandandi umbrot í eldstöðinni *Páll Einarsson*
12:00 – 13:00	**Matur – Veggspjaldasýning**
Fundarstjóri	**Ásta Rut Hjartardóttir**
13:00 – 13:15	Surtseyjarborunin 2017: Fjölþjóðlega verkefnið SUSTAIN, fyrstu niðurstöður *Magnús Tumi Guðmundssom*
13:15 – 13:30	Hafísborið efni í Íslands-Noregshafi á síðasta jökulskeiði *Erna Ó. Arnardóttir*

13:30 – 13:45	Er eldvirkni á Íslandi sambærileg á nútíma og síðasta jökulskeiði? *Esther Ruth Guðmundsdóttir*
13:45 – 14:00	Hekla volcano, Iceland, in the 20th century: Lava volumes, production rates and effusion rates *G.B.M. Pedersen*
14:00 – 14:15	Causes and triggering factors for large scale displacements in the Almenningar landslide area, in central North Iceland *Þorsteinn Sæmundsson*
14:15 – 15:00	**Veggspjaldasýning**
15:00 – 15:30	**Kaffi**
15:30 – 15:45	Hrun íslenska meginjökulsins í lok síðasta jökulskeiðs og myndun efstu og elstu fjörumarka *Hreggviður Norðdahl*
15:45 – 16:00	Volume changes in lake Kleifarvatn 2014 – 2017 *Þóra Björg Andrésdóttir*
16:00 – 16:15	Eru merki um forna ísstrauma á Norðausturlandi? *Ívar Örn Benediktsson*
16:15 – 16:30	Extensive glacier advances during the Pleistocene-Holocene transition on Svalbard *Ólafur Ingólfsson*
16:30 – 16:45	Endurteknar framrásir jökuls í Melasveit í neðri hluta Borgarfjarðar á síðjökultíma *Þorbjörg Sigfúsdóttir*
16:45 – 17:00	Modeling Flow Dynamics and Constraining the Modeled Stress Balance of the Langjökull Glacier Using Mass Balance and Surface Velocity Measurements, 1997-2016 *Rebecca A. Robinson*
17:00 –	**Móttaka**

Veggspjöld

Er Kvikuframleiðni Kötlu jöfn síðustu 3500 ár?

Bergrún Arna Óladóttir, Olgeir Sigmarsson og Guðrún Larsen

Heklugos á mið-nútíma – rannsókn á gjóskulögunum Heklu DH (Blakki) og Heklu Ö

Daníel Freyr Jónsson, Esther Ruth Guðmundsdóttir, Guðrún Larsen, Bergrún Óladóttir og Olgeir Sigmarsson

Monte Carlo simulated annealing method for coupled earthquake locations and 1D velocity structure determination: 'Minimum' models with constant velocity gradient layers

Einar Kjartansson and Ingi Th. Bjarnason

Holocene tephra stratigraphy in the Vestfirðir peninsula, NW Iceland

Esther Ruth Guðmundsdóttir, Anders Schomacker, Skafti Brynjólfsson, Ólafur Ingólfsson and Nicolaj K. Larsen

Are Torfajökull magmas invading the Hekla/Vatnafjöll volcanic system? Some preliminary results.

Guðrún Sverrisdóttir and Sæmundur Ari Halldórsson

Flýtur eins og tappi: Samband flotjafnvægishreyfinga og framvindu hörfunar íslenska meginjökulsins af landgrunninu í lok síðasta jökulskeiðs

Hreggviður Norðdahl og Ólafur Ingólfsson

Putorana ice sheet advance over southern Taimyr, NW Siberia, during the Late Saalian (MIS 6)

Ívar Örn Benediktsson and Per Möller

Improving early Holocene tephrochronology of North, Northeast and East Iceland

M. Kalliokoski, E.R. Guðmundsdóttir, B.A. Óladóttir, H. Norðdahl and Í.Ö. Benediktsson

Networking European Volcano Observations and Community through the EPOS Research Infrastructure and the EUROVOLC Networking Project

Kristín S. Vogfjörð, EPOS team and EUROVOLC team

Bygging Múlajökuls eftir framhlaup og tengsl hennar við undirlag jökulsins

Magnús Freyr Sigurkarlsson, Ívar Örn Benediktsson and Emrys Phillips

Mapping of fractures within the Reykjanes fissure swarm, SW-Iceland

Páll Einarsson, Ásta Rut Hjartardóttir, and students of the courses Tectonics and Current Crustal Movements in the Faculty of Earth Sciences, University of Iceland 2017

Geochemical characteristics of an enriched Icelandic tholeiitic magma suite: the case of the Kverkfjöll volcanic system

E. Ranta, S.A. Halldórsson, G.H. Guðfinnsson, E. Bali, V. Nykänen, K. Grönvold and R. Kaikkonen

Assessing $\delta^{18}O$ heterogeneity in Icelandic olivine crystals

M. B. Rasmussen, S. A. Halldórsson, M. J. Whitehouse and S. A. Gibson

Efnisyfirlit

Ágrip

Er kvikuframleiðni Kötlu jöfn síðustu 3500 ár?

Bergrún Arna Óladóttir[1], Olgeir Sigmarsson[1,2] og Guðrún Larsen[1]

[1] Norræna eldfjallasetrið, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Öskju, 101 Reykjavík
[2] Laboratoire Magmas et Volcans, CNRS og Université Clermont Auvergne, Frakkland

Kvikuframleiðni virkra eldstöðva, eða það magn kviku sem upp kemur á ákveðnum tíma, stjórnast sennilega að hluta eða öllu leyti af undirliggjandi kvikuaðfærslukerfi. Uppbygging kvikukerfis Kötlu hefur að öllum líkindum verið breytilegt á nútíma þar sem kerfið breyttist úr einföldu aðfærslukerfi yfir í net silla og ganga, sem þróaðist síðan yfir í afmarkað kvikuhólf. Þetta ferli hefur verið tvítekið á nútíma. Síðustu ~3500 árin eru dæmigerð fyrir breytingu úr kvikuhólfstímabili yfir í einfalt kerfi. Kvikuframleiðni beggja tímabila hefur verið metin út frá rúmmáli 25 gjóskulaga, sautján þeirra mynduð í virku kvikuhólfi (1700 f.Kr. - 920 e.Kr.) og átta í einföldu kerfi (virkt síðan ~940 e.Kr.). Meðalstærð gjóskulaga á báðum tímabilum var um 1 km^3 en þrátt fyrir það var gjóskuframleiðsla um þrisvar sinnum meiri þegar kvikuhólf var virkt (6.3 km^3/öld á móti 2.4 km^3/öld). Því virðist aðfærslukerfið stjórna gjóskuframleiðni og gosgerð með því að beina kviku lóðrett upp í megineldstöðina þegar kvikuhólf er virkt sem leiðir af sér aukna sprengivirkni vegna samspils kviku og vatns og þ.a.l. aukna gjóskumyndun. Þegar einfalt kvikuaðfærslukerfi (þ.e. gangur) er ráðandi virðist kvika jafnframt koma upp utan jökulhulinnar megineldstöðvarinnar sem leiðir til hraungosa og minni gjóskuframleiðslu. Jöfn aukning uppsafnaðs rúmmáls gosefna frá Kötlu síðustu 3500 ár (sjá mynd) bendir til þess að inn- og útflæði kviku í kerfið hafi verið í jafnvægi (steady-state volcano). Tímamunur milli þess að djúpstæð innskotavirkni treðst inn í kvikuaðfærslukerfið (rauðar örvar á mynd sem sýna aukningu á hallatölur eða aukinn framleiðsluhraða gosefna) og þess að lægri styrkur utangarðsefna mælist í gjósku kerfisins (gráar strikalínur á mynd) fer minnkandi með tíma. Fyrir um 2600 árum fylltist kvikukerfið með þeim afleiðingum að framleiðsluhraði gosefna jókst en merki (í kvikusamsetningu) þeirrar innspýtingar kemur ekki fram í gosefnum fyrr en 600 árum seinna. Önnur fylling kvikukerfisins verður fyrir u.þ.b. 1400 árum en þá tekur mun skemmri tíma fyrir frumstæðari samsetningu innskots basaltsins að koma fram, eða um 250 ár. Að endingu kemur samsetning innspýtingar fram einungis 50 árum seinna. Þetta ferli bendir til þess að hið virka kvikuhólf fari minnkandi og hverfi að lokum

Heimildir

Bergrún Arna Óladóttir, Olgeir Sigmarsson, Guðrún Larsen. 2015. Gjóskuframleiðni og kvikukerfi Kötlu. Haustráðstefna Jarðfræðafélags Íslands. Reykjavík 20. nóv 2015.

Óladóttir, B.A., Sigmarsson, S., Larsen, G. 2018. Tephra productivity and nature of magma storage beneath Katla volcano, Iceland. Bulletin of volcanology, accepted for publication.


Period III
Period II
Period I
Eldgjá
E2
K-I
2 km³/century
~50 yrs
~250 yrs
~600 yrs
Magma input
Magma "transfer" time
Cumulated ucp tephra volume on land (km³)
Cumulated DRE volume on land (km³)
Volume (km³ ucp on land)
K2O wt%
Age (b2k)

Magma storage conditions below Eyjafjöll, based on clinopyroxene macro- and megacrysts from Seljalandsheiði

Bryndís Ýr Gísladóttir and Enikő Bali

Faculty and Institute of Earth Sciences, University of Iceland

Large clinopyroxene macro- and megacrysts were discovered in the Upper Pleistocene "ankaramite" outcrops of Seljalandsheiði in Eyjafjallajökull. The pyroxenes are mostly of augite composition and they display wide range in magnesium-values (Mg#: 57.9-83.3) and also in their minor oxides such as TiO2 (0.00-2.46 wt%), Al2O3 (0.94-6.28 wt%) and Cr2O3 (0.0-0.9 wt%). These pyroxenes are generally strongly zoned, where normal-, reverse-, oscillatory-, sector- and patchy zoning patterns as well as the combination of these were observed (Fig. 1). Magma mixing can possibly explain the presence of inverse zoning patterns.



Figure1: A) Normal zoning, B) Reverse zoning, C) Oscillatory zoning, D) Patchy zoning, E) Complex zoning and F) Sector zoning. Figures A, B, C, D are back scattered electron images, Figures E and F are chemical maps of alumina, where brighter fields indicate higher concentrations.

A newly published clinopyroxene-melt thermobarometer from Neave and Putirka (2017) was used to obtain crystallization temperature and pressure. This thermobarometer needs both chemical composition of the clinopyroxene along with a chemical composition of a melt in equilibrium. As the samples contained no glass, previously published glass composition from the Eyjafjöll Volcanic System were matched to the pyroxene compositions following the equilibrium criteria of Neave and Putirka (2017). The glass compositions were obtained from Keiding and Sigmarsson (2012), Moune et al. (2012) and Loughlin (1995).

Macro and Megacrysts with Mg#>72 gave crystallization pressure range of 0.8-5.9 kbars and temperature range of 1140-1150°C, corresponding to the depth of 2.2-16.2 km. More evolved clinopyroxenes crystallized at 0.0-4.2 kbars pressure and temperature range of 1070-1180°C.

This would correspond to the depth of 0.0-11.7 km. Our pressure and temperature estimates were compared to those obtained from the 2010 Eyjafjallajökull eruption by Keiding and Sigmarsson (2012) (Figure 2). For better comparison their data were recalculated with the thermobarometer used here. The results on the two eruptions strongly overlap, indicating the crystallization conditions preceding and during these two different eruptions were similar and that the magma storage conditions has not changed significantly since Upper Pleistocene.



Figure 2: Pressure (a) and temperature (b) estimates from the 2010 eruption of Eyjafjallajökull and from the Upper Pleistocene outcrop in Seljalandsheiði. Data from the flank and summit eruption of 2010 from Keiding and Sigmarsson (2012) compared to data from this study. It is notable that both the pressure (P) and temperature (T) estimates during these two eruptions overlap within the uncertainty of P-T calibrations (±1.4 kbar and ±45 °C, respectively), indicating similar crystallization conditions.

References:

Keiding, J. K. and Sigmarsson, O. (2012). Geothermobarometry of the 2010 Eyjafjallajökull eruption: New constraints on Icelandic magma plumbing systems. *Journal of Geophysical Reserch, 117,* B00C09, doi:10.1029/2011JB008829

Loughlin, S. C. (1995). *The evolution of the Eyjafjöll volcanic system, southern Iceland.* PhD thesis, Department of Geological Sciences, University of Durham, England. 319p.

Moune, S., Sigmarsson, O., Schiano, P., Thordarson, T. and Keiding, J. K. (2012). Melt inclusion constraints on the magma source of Eyjafjallajökull 2010 flank eruption. *Journal of Geophysical Research, 117,* no. 2.

Neave, D. A. and Putirka, K. D. (2017). A new Clinopyroxene-liquid Barometer, and Implications for Magma Storage Pressures under Icelandic Rift Zones. *American Mineralogist, 102,* 777-794. Doi: http://dx.doi.org/10.2138/am-2017-5968

Heklugos á mið-nútíma – rannsókn á gjóskulögunum Heklu DH (Blakki) og Heklu Ö

Daníel Freyr Jónsson[1], Esther Ruth Guðmundsdóttir[1], Guðrún Larsen[2], Bergrún Óladóttir[2] og Olgeir Sigmarsson[2]

[1]Jarðvísindadeild og [2]Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík.

Rannsóknir á forsögulegri gosvirkni Heklukerfisins á Hólósen hafa að mestu beinst að stóru plínísku eldgosunum Heklu 5 (7100 ára), Heklu 4 (4300 ára), Heklu 3 (3000 ára) ásamt fyrsta sögulega gosinu, Heklu 1 (1104 AD) (Larsen o.fl. 2013). Gosvirknin í kerfinu á milli þessara stóru gosa hefur hinsvegar fengið minni athygli. Í þessari rannsókn beinast sjónir að gjóskulögunum Heklu DH og Heklu Ö sem finnast í jarðvegi á milli Heklu 5 og Heklu 4. Aldur Heklu DH er um 6600 ár, áætlaður út frá jarðvegsþykknunarhraða og geislakolsgreiningar gefa 6060 ár fyrir Heklu Ö (Guðmundsdóttir o.fl. 2011). Markmið rannsóknarinnar er að kanna útbreiðslu þeirra og rekja uppruna, ásamt vangaveltum um samsetningu Heklukviku á fyrri hluta nútíma.

Útbreiðsla og rúmmál

Bæði Hekla DH og Hekla Ö voru rakin í fjölmörgum jarðvegssniðum innan við 30 km frá Heklu, auk þess sem gögn úr fyrri rannsóknum voru notuð til að meta útbreiðslu laganna.

Við Tagl (19 km norður af Heklu) finnast þessi tvö gjóskulög í sömu jarðvegsopnu, ásamt Heklu 5 og Heklu 4. Hekla DH mælist þar 153 cm þykkt, er dökkgrá og einkennist af samlímdum, fínkornóttum botni. Efstu 30 cm lagsins eru talsvert dekkri að lit, grófkornóttari og laus við alla samlímingu. Hekla Ö er tvílit, ljósgul neðst en dekkri ofar. Lagið mælist 50 cm þykkt í Taglasniðinu og liggur þar beint ofan á öðru mun minna, kolsvörtu gjóskulagi frá Heklu sem kallast Hekla Mói.

Hekla DH hefur afmarkaða útbreiðslu til norðurs. Það finnst í jarðvegi á Norðurlandi, auk þess sem gjóskan var greind í setkjarna af hafsbotni undan Norðurlandi ásamt Heklu Ö (Guðmundsdóttir o.fl. 2011). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að Hekla DH gjóskan hafi komið upp í sprungugosi í nágrenni Valagjár, um 16 km NA af Heklu.

Hekla Ö hefur mikla útbreiðslu á landinu og finnst víðsvegar á Suðurlandi, Norðurlandi og Norðausturlandi (Óladóttir o.fl. 2011; Guðmundsdóttir o.fl. 2011). Hekla Ö hefur tvo þykktarása sem benda til uppruna í Heklu sjálfri. Aðalþykktarásinn stefnir til norðnorðausturs frá Heklu, en sá minni í austlægari átt.

Rúmmálsreikningar samkvæmt þykktarkorti af Heklu DH gefa um 0.8 km^3 af nýfallinni gjósku en Hekla Ö er um 1 km^3 (Guðmundsdóttir o.fl. 2011).

Efnafræði

Sýnum til efnagreiningar var safnað í Tagli. Átta sýni voru tekin upp í gegnum Heklu DH og fjögur úr Heklu Ö. Þrjátíu korn á stærðarbilinu 125-250 µm úr hverju sýni voru síðan greind í JEOL JXA-820 örgreini Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands. Straumur geislans var 10nA, hröðunarspennan 15 keV og þvermál geislans 10 µm.

Efnasamsetningu Heklu DH má greina í aðskilda hópa út frá aðalefnasamsetningu. Megin-efnasamsetning Heklu DH er basalt andesít (52-57% SiO_2) sem greinist í tvo aðskilda hópa en jafnframt finnst töluvert basalt (<52% SiO_2) í gjóskunni. Basalt-andesíthóparnir eru mjög ólíkir að samsetningu aðalefna og greinast vel í sundur með því að skoða styrk TiO_2 og Al_2O_3. Annar basalt-andesít hópurinn er afar líkur því basalt-andesíti sem upp hefur komið í sögulegum gosum í Heklu. Hinn hópurinn, sem er með hærri styrk TiO_2, er ólíkur efnagreindum hraunum eða gjósku úr Heklu. Þetta há-títan basalt-andesít myndar hinn dökka efri hluta gjóskulagsins í Tagli, auk þess sem hann greinist hér og þar í neðri hluta lagsins.

Stór hluti Heklu Ö einkennist af dasít/rhýólít (>62% SiO_2) en basaltkorn eru algeng. Hæst mælist kísilinnhaldið 75% neðst í gjóskulaginu, en aðeins 62-63% efst. Hvorki finnst basalt-andesít né andesít (57-62% SiO_2) í Heklu Ö.

Umræður

Bent hefur verið á að í Heklu 5 vanti allt basalt-andesít og andesít, sem bendir til þess að framleiðsla þess í Heklukerfinu hafi líklega hafist eftir Heklu 5 (Sverrisdóttir 2007). Hekla DH, sem myndaðist um 500 árum eftir Heklu 5, er að miklu leyti basalt-andesít og er það líklega fyrsta uppkoma þeirrar kvikugerðar í Heklukerfinu.

Heklu Ö má setja í flokk með stóru, kísilríku gjóskulögunum úr Heklu. Gjóskan er sambærileg Heklu 5 að því leyti að í henni finnst hvorki basalt-andesít né andesít. Þróaði hlutur Heklu Ö fellur í kísilinnihaldi úr 75% niður í 62%. Til samanburðar fellur Hekla 5 úr 72% niður í 66% (Sverrisdóttir 2007). Andesít er hinsvegar nokkuð stór hluti í tveimur rúmmálsmestu gjóskulögum Heklu, Hekla 4 og Hekla 3, sem bæði mynduðust seinna en Hekla Ö. Því er líklegt að framleiðsla andesíts hafi ekki hafist fyrr en eftir Heklu Ö. Framleiðsla basalt-andesíts í kerfinu var hinsvegar hafin þegar Hekla DH myndaðist, u.þ.b. 500 árum áður en Hekla Ö.

Rúmmál Heklu Ö er aðeins áætlað u.þ.b. 1 km^3 sem nýfallin gjóska, en þrátt fyrir það hefur Hekla Ö mikla útbreiðslu. Með efnagreiningu má tengja Heklu Ö við áður greinda Heklugjósku sem fannst í vatnaseti í grennd við Drangajökul (Schomacker o.fl. 2016), sem undirstrikar mikla útbreiðslu gjóskulagsins. Með þessum fundi þarf að kortleggja gjóskulagið betur til vesturs og endurmeta rúmmál þess. Útbreiðsla Heklu Ö er sambærileg við Heklu 3, þrátt fyrir miklu minna þekkt rúmmál. Tveir þykktarásar Heklu Ö benda til breytilegrar vindáttar á meðan gosinu stóð sem olli þessari miklu útbreiðslu gjóskunnar.

Heimildir

Gudmundsdóttir ER, Larsen G, Eiríksson J (2011) Two new Icelandic tephra markers: The Hekla-Ö tephra layer,~6060 cal. yr BP and Hekla-DH tephra layer, ~6650 cal. yr BP – Land-Sea correlation of Mid-Holocene markers. *The Holocene* 26: 1-11. DOI: 10.1177/0959683610391313

Larsen G, Sverrisdóttir G, Hjartarson H, Einarsson P, Jóhannesson H (2013) HEKLA. *Náttúruvá á Íslandi - Eldgos og jarðskjálftar*, 189-209. Viðlagatrygging Íslands/Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Óladóttir BA, Sigmarsson O, Larsen G, Devidal JL (2011) Provenance of basaltic tephra from Vatnajökull subglacial volcanoes, Iceland, as determined by major- and trace-element analyses. *The Holocene* 27*:* 1037-1048.

Schomacker A, Brynjólfsson S, Andreassen JM, Gudmundsdóttir ER, Olsen J, Odgaard BV, Hakansson L, Ingólfsson O, Larsen NK (2016) The Drangajökull ice cap, northwest Iceland, persisted into the early-mid Holocene. *Quaternary Science Reviews* 148: 68-84.

Sverrisdóttir G (2007) Hybrid magma generation preceding Plinian silicic eruptions at Hekla, Iceland: evidence from mineralogy and chemistry of two zoned deposits. *Geological Magazine* 144: 643-659.

Country-wide deformation field over Iceland inferred from interferometric analysis of Sentinel-1 SAR images

Vincent Drouin[1,2] and Freysteinn Sigmundsson[1]

[1] Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, Reykjavík, Iceland (vd@hi.is)
[2] National Land Survey of Iceland, Akranes, Iceland

Iceland is ideal for satellite radar interferometry (InSAR) as large areas of the country are desert covered with lavas and generally vegetation is limited and sparse. Coherence in interferograms can thus be retained over long periods (> 5 years) in many places. However, snow accumulation in winter makes only summer acquisitions (from mid-June to end-September) useful, in general, for interferometry.

The start of the Sentinel-1 mission in late 2014 has revolutionized the way InSAR monitoring and research can be carried out in Iceland. Prior, SAR acquisitions were limited and usually had to be ordered, without knowing if the images would be acquired. Therefore, having a time-series with good temporal resolution was hard to achieve and usually restricted to specific areas, leaving large parts of the country uncovered. Although the spatial resolution offered by the Sentinel-1 SAR instrument is not has good as for the TerraSAR-X or COSMO-SkyMed missions, the Sentinel-1 mission provides an extensive coverage of Iceland as each image covers an about 255 km wide area via three 85 km wide swaths. Moreover, Sentinel-1 images are acquired and delivered every 12-days (6-days since early 2017). Therefore, for each track, there are about 8 acquisition times for summer 2015 and summer 2016, and about 16 acquisitions time for summer 2017.

We have analyzed six Sentinel-1 tracks between summer 2015 and summer 2017 to achieve a full high-resolution coverage of the deformation over Iceland. Interferograms were generated with the ISCE software and multi-looked to have approximately a 100 m resolution. Time series analysis of the interferograms were carried out to reveal average line-of-sight (LOS) changes. Tracks were selected so that each part of the country is covered with at least one ascending track and one descending track. The different satellite views from descending and ascending tracks allows to decomposition of observed LOS changes into estimates of the near-East (approximate east) and near-Up (approximate vertical) velocities everywhere in Iceland, with exception of low coherence areas like glaciers and farmland. Glacial isostatic adjustment is the main country-wide source of deformation observable in the near-Up velocities, from a few mm/yr at the coasts and up to a few cm/yr near the ice-caps. On a local scale, geothermal utilization from power plants on the Reykjanes peninsula and north Iceland are also clearly visible. Plate spreading constitutes the main signal in the near-East velocities (~1.5 cm/yr), but post-rifting relaxation following the Bárðarbunga 2014 rifting episode is also observed. The observed deformation also include many additional local signals from magmatic and anthropogenic origin, e.g. subsidence in the Askja caldera of about 2 cm/yr. The results are important for improved understanding of the interplay between the many different deformation sources in Iceland, and how interaction of plate spreading, GIA, magmatic, geothermal and tectonic sources contribute to the combined deformation field in Iceland.

Monte Carlo simulated annealing method for coupled earthquake locations and 1D velocity structure determination: 'Minimum' models with constant velocity gradient layers

Einar Kjartansson and Ingi Th. Bjarnason

Institute of Earth Sciences, Science Institute, University of Iceland, Reykjavík, Iceland

Ray-tracing through a one dimensional earth model, consisting of layers of constant velocity gradients and continuous value across layers, is used to evaluate and improve a velocity model for processing micro earthquake data in Iceland.

An iterative Monte Carlo (MC) method with simulated annealing is used to estimate velocity values at boundaries between layers, as described above, by searching for the velocity function that minimizes the residuals for observed arrival times for both P and S phases of micro earthquakes.

MC methods utilize a random search through model space to find an optimum solution. We use the "root mean square" of the time residuals for each observed phase as a measure of the quality of the trial solutions. Simulated annealing is a variation of the MC method where the trial solutions are sometimes accepted even when the quality (of the measure) declines.

Most processing of the digitally recorded earthquake data on the national seismic network in Iceland makes use of the standard SIL velocity model, with layers of constant velocity gradients.

We start with the SIL model and determine P and S velocities simultaneously, i.e. the ratio between the velocities of P and S waves is not constrained in the inversion. Weights applied to the P-wave observations are 1.73 times the weight of the S-wave. In the figures below we show results where velocity values for depths of 1,2,3,4, 6 and 9 km were determined using the MC method. At other depths the values from the SIL model are used unchanged. The velocity functions are constrained with gradients that decrease with depth. This ensures that the travel-time curves are single valued and without any focusing of rays. The earthquakes are relocated in each iteration.

We applied the method to different locations in South and Southwest Iceland, with the number of earthquakes used typically ranging from a few hundred to a few thousand. Our results show that the standard SIL velocity model fits well for earthquake locations in the central part of the South Iceland Lowland region but there are some discrepancies elsewhere, especially in volcanic zones.



From 3186 recorded events in the Húsmúli geothermal area (western flank of the Hengil central volcano) in year 2011, 730 of the better quality events were used in a MC inversion. The figure shows MC velocity models (black), P-waves (right) and S-waves (left), using the SIL model (red) as the starting model. The black curves are the median of 10 different runs. All ten runs are plotted (gray), but due to their similarities they can hardly be distinguished from the median. Surface velocity is constrained to the SIL model.



The second figure shows residuals of P- and S-wave arrival times vs the number of iterations of a MC inversion. Notice how the simulated annealing chooses most often solutions with lower residuals and, less frequently, solutions with higher residuals. The new model gives approximately a 10% better fit to the data after 4000 iterations.

Hafísborið efni í Íslands-Noregshafi á síðasta jökulskeiði

Erna Ó. Arnardóttir[1], Esther R. Guðmundsdóttir[1], Jón Eiríksson[1], Ívar Ö. Benediktsson[1] og Liu, Y.[2]

[1] Jarðvísindastofnun Háskólans, Askja, Sturlugata 1, 101 Reykjavík, Ísland
[2] First Institute of Oceanography (FIO), State Oceanic Administration, Qingdao, China

Hafísset, efni í sjávarseti sem á uppruna sinn í jökulís, lagnaðar ís eða hafís, hefur verið notað til þess að afla upplýsinga um fornloftslag og fornhafstrauma í jarðsögunni. Tilvist hafíssets í sjávarseti endurspeglar útbreiðslu og umfang hafíss, og flutningur hafísborins efnis ræðst af yfirborðs- og djúphafstraumum hverju sinni. Auk þessa getur berg- og kristaltegundagreining á hafísseti gefið upplýsingar um uppruna efnisins.

Hér er kynnt rannsókn sem miðar að því að nota breytingar í magni og uppruna hafísborins efnis sem og aðrar breytur til að rannsaka fornhafstrauma, loftslag og umhverfisbreytingar á síðasta jökulskeiði í Norðurhöfum. Rannsóknarsvæðið er norður og norðaustur af Íslandi, í Íslands-Noregshafi. Í þessari rannsókn verður sjónum sérstaklega beint að uppruna hafíssets þar sem bergbrot, kristallar og gjóska stærri en 125 míkrómetrar verða rannsökuð. Hafsvæðið norðan við Ísland spilar stórt hlutverk vegna þess hve viðkvæmt það er fyrir umhverfisbreytingum. Þar blandast sterkir hafstraumar bæði úr norðri og suðri og mynda haffræðilega flókið svæði. Uppruni og dreifing hafíssets er mælikvarði á útbreiðslu hafíss og gæti gefið mikilvægar vísbendingar um hafstrauma á síðasta jökulskeiði.

Í verkefninu eru tveir sjávarsetkjarnar, IS-4C og IS-1C, rannsakaðir. Kjarnarnir, sem eru 4,3 og 6,2 m langir, voru teknir árið 2012 norður og norðaustur af Íslandi á 1598 m dýpi og 821 m dýpi. Hér verða kynntar niðurstöður úr kjarna IS-4C. Kolefnisaldursgreiningar á þeim kjarna sýna að efstu 251 sm spanna síðustu ~42000 ár, en nákvæmara aldurslíkan er í vinnslu. Aldurslíkan fyrir kjarna IS-1C liggur enn ekki fyrir. Gjóskulög verða notuð til þess að styðja við kolefnisaldursgreiningar.

Hafísborið efni hefur verið greint og flokkað með tveggja sentimetra millibili í kjarna IS-4C. Efninu er skipt í þrjá meginflokka: bergbrot, kristalla og gjósku. Auk þess voru svifgötungar taldir og greindir til tegunda og mælingar gerðar á súrefnissamsætum í götungunum. Niðurstöður sýna áberandi sveiflur í magni hafísborins efnis og götunga, auk breytileika í gerð hafísborins efnis með tíma. Borin hafa verið kennsl á nærri 40 möguleg gjóskulög í kjarna IS-4C. Unnið er að efnagreiningum á þeim og tengingum við tímasett gjóskuleiðarlög í þeim tilgangi að bæta aldurslíkan kjarnanna.

Holocene tephra stratigraphy in the Vestfirðir peninsula, NW Iceland

Esther Ruth Guðmundsdóttir[1], Anders Schomacker[2, 3], Skafti Brynjólfsson[4], Ólafur Ingólfsson[1] and Nicolaj K. Larsen[3, 5]

[1] Institute of Earth Sciences, Nordic Volcanological Center, University of Iceland
[2] Department of Geosciences, UiT The Arctic University of Norway
[3] Centre for GeoGenetics, Natural History Museum of Denmark, University of Copenhagen
[4] Icelandic Institute of Natural History
[5] Department of Geoscience, Aarhus University

In recent years the terrestrial tephra stratigraphy in Iceland has been vastly improved through detailed investigations of soil and lake sediment archives revealing hundreds of tephra layers. These studies have focused on areas in south, north, east and central parts of Iceland. Fewer studies have been carried out in west Iceland. The aim of this study was to significantly improve the knowledge of tephra stratigraphy and tephrochronology in western Iceland by investigating the sedimentary records from eight lakes in the northernmost part of the Vestfirðir peninsula. In these eight lake sediment records spanning the Holocene, 39 tephra layers have been identified, thought to represent 34 eruptive events originating from five volcanic systems; Hekla, Katla, Snæfellsjökull, Grímsvötn and Veiðivötn-Bárðarbunga. Of these 39 tephra layers, 34 have not been reported before in the Vestfirðir peninsula. Six have recently been reported in the area; the Hekla 1693 tephra (Brynjólfsson et al., 2015) Snæfellsjökull Sn-1 tephra, Hekla 3 tephra, Hekla 4 tephra, Brattihjalli tephra (Schomacker et al., 2016) and Saksunarvatn tephra (Schomacker et al., 2016; Harning et al., 2016). Here we propose that the Brattihjalli tephra is in fact the 6060 year old Hekla Ö tephra marker layer, demonstrating that the Hekla Ö tephra extended much further to the west than previously reported, covering about 2/3 of the country. Thus, the Hekla Ö tephra covers an as large area in Iceland as the Hekla 5, Hekla 4, Hekla 3 and Hekla 1104 tephras, emphasizing the importance of Hekla Ö as a chronological marker.

References

Brynjólfsson S., Schomacker, A., Gudmundsdóttir, E.R. & Ingólfsson, Ó. 2015: A 300-year surge history of the Drangajökull ice cap, northwest Iceland, and its maximum during the “Little Ice Age”. The Holocene 1-17.

Schomacker, A., Brynjólfsson, S., Andreassen, J.M., Gudmundsdóttir, E.R., Olsen J., Odgaard, B.V., Hakansson, L., Ingólfsson, O., & Larsen, N.K. 2016: The Drangajökull ice cap, northwest Iceland, persisted into the early-mid Holocene. Quaternary Science Reviews, 148, 68-84.

Harning, D.J., Geirsdóttir, Á., Miller, G.H. & Anderson, L. 2016: Episodic expansion of Drangajökull, Vesfirðir, Iceland, over the last 3 ka culminating in its maximum dimension during the Little Ice Age. Quaternary Science Reviews 152, 118-131.

Er eldvirkni á Íslandi sambærileg á nútíma og síðasta jökulskeiði?

Esther Ruth Guðmundsdóttir, Guðrún Larsen og Jón Eiríksson

Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Gjóskulagaskipan á Íslandi er nokkuð vel þekkt á nútíma, sérstaklega á miðhluta og síðari hluta nútíma. Fjöldi rannsókna hefur verið gerður á gjóskulögum í jarðvegssniðum víðsvegar um land, einkum á Norður-, Austur- og Suðurlandi auk miðhálendis. Minna er vitað um fjölda gjóskulaga og skipan þeirra á Vesturlandi og Vestfjörðum en hins vegar hafa nýlegar rannsóknir þaðan verið að líta að líta dagsins ljós. Mestur fjöldi gjóskulaga í jarðvegi er innan Eystra gosbeltisins, en þar hefur meira en 300 lögum verið lýst. Algengast er að jarðvegssnið nái í mesta lagi 5-8.000 ár aftur í tímann. Eldri jarðvegur er sjaldgæfur en þó má finna jarðvegssnið og stöðuvatnaset eldra en 10.000 ára.

Viðamikil þekking hefur hlotist á sögu sprengigosa á nútíma með rannsóknum á gjóskulagaskipan. Sprengigos hafa verið flest í Grímsvatnakerfi, þar á eftir fylgja eldstöðvakerfi Bárðabungu-, Heklu og Kötlu. Út frá fjölda gjóskulaga má sjá að eldvirkni á sér stað í lotum með 140, 500 og 4-5.000 ára millibili (Larsen et al., 1998; Óladóttir et al., 2011; Gudmundsdóttir et al., 2016 o.fl.).

Markmiðið með verkefninu sem hér er kynnt er að auka þekkingu og skilning á hegðun íslenskra eldstöðva með því að afla upplýsinga um sögu sprengigosa og eldvirkni enn lengra aftur í tímann, nánar tiltekið á síðasta jökulskeiði. Til þess þarf að leita út fyrir landsteinana, vegna skorts á jarðvegi og setlögum frá þessum tíma. Ætlunin er að bera saman eldvirkni á nútíma og síðasta jökulskeiði með því að skoða gjóskulagaskipan í jarðvegsniðum og í sjávarseti á norðanverðu landgrunni Íslands. Rannsóknaspurningar snúast um hvaða eldstöðvakerfi voru virk, hversu mikil var virkni þeirra og hvort eldvirkni á síðasta jökulskeiði hafi verið sambærileg virkninni á nútíma. Getur þessi samanburður á sprengivirkni á hlý- og jökulskeiði sagt eitthvað til um áhrif umhverfisaðstæðna, eins og stærð og útbreiðsla jökla, á eldvirkni á Íslandi?

Fyrstu niðurstöður sýna að gjóskulög frá Kverkfjallakerfi voru algengust síðustu 55.000 árin og gjóskugos á Kolbeinseyjahrygg voru áberandi á síðjökultíma. Að auki eru vísbendingar um að 4-5.000 ára lota í sprengivirkni/eldvirkni hafi varað frá síðasta jökulskeiði.

Heimildir

Guðmundsdóttir ER, Larsen G, Björck S, Ingólfsson Ó, Striberger J. 2016. A new high-resolution Holocene tephra stratigraphy in eastern Iceland: Improving the Icelandic and North Atlantic tephrochronology. Quaternary Science Reviews 150 (2016) 234-249.

Larsen G, Guðmundsson MT, Björnsson H. 1998: Eight centuries of periodic volcanism at the center of the Iceland hotspot revealed by glacier tephrostratigraphy. *Geology* 26: 943-946.

Óladóttir BA, Larsen G, Sigmarsson O, 2011. Holocene volcanic activity at Grímsvötn, Bárdarbunga and Kverkfjöll subglacial centres beneath Vatnajökull, Iceland. *Bulletin of Volcanology* 73 (9): 1187-1208. DOI 10.1007/s00445-011-0461-4.

Þróun sigkatla Mýrdalsjökuls frá 2010 til 2017 lesin úr hæðarkortum aflað með fjarkönnun, yfirborðshæðarsniðum og hreyfingu GPS-stöðva í kötlum

Eyjólfur Magnússon[1], Finnur Pálsson[1], Joaquín M. C. Belart[1], Alexander H. Jarosch[1], Magnús T. Guðmundsson[1], Þórdís Högnadóttir[1], Etienne Berthier[2] and Tómas Jóhannesson[3]

[1] Jarðvísindastofnun Háskólans
[2] LEGOS-CNRS við Háskólann í Toulouse
[3] Veðurstofa Íslands

Sagt er frá rannsókn á þróun sigkatlanna í Mýrdalsjökli síðan 2010 sem byggð er á 18 hæðarkortum sem flest eru gerð eftir fjarkönnunargögnum. Þrjú hæðarkortanna voru mæld árlega með leysi (lidar) úr flugvél frá 2010 til 2012, fimm eru unnin er út frá WorldView gervihnattaljósmyndum (úr ArcticDEM gagnasafninu) frá 2013 til 2015 og níu hæðarkort eru unnin eftir Pléiades gervihnattaljósmyndum á tímabilinu 2014-2017. Auk þess var eitt hæðarkort unnið úr þéttum GPS-sniðmælingum frá vori 2016. Að auki voru skoðuð hæðarsnið yfir katlanna sem mæld voru að vori og hausti með GPS á snjósleða eða radar úr flugvél. Tíðust eru hæðarkortin frá síðustu tveimur sumrum, þrjú frá 2016 og sex frá 2017 en þá var stysti tími milli mælinga 15 dagar. GPS-stöðvar sem mældu samfellt í tíma voru einnig starfræktar í kötlum sumurin 2016 (ein stöð) og 2017 (fimm stöðvar) sem mældu ketilsig í nokkrum smáhlaupum með hámarksrennsli upp á tugi rúmmetra á sekúndu eða minna.

Gagnasafnið sýnir nokkuð ólíka hegðun milli ketilsvæða (hópur tveggja eða fleiri nálægra sigkatla). Sum svæðin eru mjög stöðug á rannsóknartímanum, einungis sjást minniháttar breytingar dýpis og lögunar bæði frá ári til árs og einnig frá vori til hausts. Það gefur til kynna að vatn safnist ekki fyrir undir þeim heldur leki jarðhitabráð jafnóðum undan þeim og að jarðhitinn undir kötlunum sé í góðu jafnvægi við nettó ísflæði að þeim og yfirborðsafkomu þeirra. Önnur ketilsvæði sýna árstíðabundið mynstur vatnssöfnunar sem gjarnan lýkur með hlaupi nálægt miðju sumri og veldur dýpkun á katlanna sem oft er nálægt 10 m. Svæðið kringum ketil 16 (meginupptakasvæði hlaupsins í júlí 2011) sem tekur til a.m.k. 6 katla passar í hvorugan áðurnefndra flokka. Hlaup þaðan koma á öllum árstíðum, jarðhitavirkni virðist breytast frá ári til árs og flakka á milli katla. Þannig dýpkar einn ketill yfir eitt eða fleiri ár meðan nágrannaketill grynnkar. Í kjölfarið snýst mynstrið við, ketillinn sem dýpkaði fer að grynnka og öfugt fyrir nágrannann. Vísar að sambærilegri hegðun sést á fleiri ketilsvæðum.

Þessi rannsókn er hluti Kötlu Köldu Rannís-verkefnisins sem enn er í fullum gangi. Af þeim sökum verður haldið áfram öflun tíðra fjarkönnunargagna næsta sumar ásamt því að reka 5-6 GPS-stöðvar í kötlunum.

Physical modeling constraints on thickness and geometry of the melt body feeding the 2014-2015 diking and eruption, and the triggering of caldera collapse, in the Bárðarbunga volcanic system

Freysteinn Sigmundsson[1], Magnús Tumi Guðmundsson[1], Sæmundur Ari Halldórsson[1], Andy Hooper[2], Virginie Pinel[3], Páll Einarsson[1], Michelle Parks[4], Benedikt G. Ófeigsson[4], Kristín Jónsdóttir[4], Kristín Vogfjörð[4], Ronni Graphenthin[5], Siqi Li[1], Vincent Drouin[6+1], Elías Rafn Heimisson[7], Halldór Geirsson[1] and Stéphanie Dumont[8]

[1] Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, (fs@hi.is)
[2] COMET, School of Earth and Environment, University of Leeds, UK
[3] ISTerre-Université Savoie Mont-Blanc, France
[4] Icelandic Meteorological Office, Iceland
[5] New Mexico Tech, New Mexico, USA
[6] National Land Survey of Iceland
[7] Stanford University, California, USA
[8] SEGAL - University of Beira Interior, Portugal

The most probable depth for the melt body feeding the 2014-2015 Holuhraun eruption has been estimated from geochemistry, ground deformation patterns, and seismicity to be in the 7-10 km depth range. This places the melt body below the brittle-ductile boundary, where viscoelastic deformation processes prevail in the long term. The density of the melt while residing in the crust is inferred to have been about 2700 kg/m^3, significantly less dense than the surrounding crust. Seismic velocity structure of the Icelandic crust suggests a general model for density, with crustal density values around 2950 kg/m^3 at the 7-10 km depth range. Thus, the melt was buoyant, with an upward pressure (buoyancy pressure) on the roof of the magma source (density difference × thickness of magma body × g). Approximate physical modelling arguments suggest that this pressure, scaled by a factor dependent on the geometry of the magma source (close to a value of 1; assumed here), can not exceed the tensile strength of the crust. Tensile strength of the crust itself is not well constrained, but if in the range of 2 MPa, then the thickness of the melt body could not have exceeded about 800 m based on the density difference. The melt body could have been thinner if some overpressure within the source was due to inflow of magma into the source in the months prior to the onset of activity as seismic activity and GPS-measurements suggest. The geometry of the magma source resulting in the largest pressure reduction under the collapsing area within the Bárðarbunga caldera is a body with lateral dimensions comparable to the width of the caldera. Removal of about 0.3 km^3 of magma, inferred to have marked the onset of caldera collapse evidenced by a series of M>5 earthquakes, can cause a large pressure drop under the collapsing piston. Indeed, if the melt body is modelled as a penny shaped crack with a radius of 4.5 km and the shear modulus of the crust is 15 GPa, then the pressure acting on the roof of the melt body in comparison to lithostatic pressure could change from about +2 MPa to -23 MPa during removal of 0.3 km^3 of magma into the dike. Such large underpressure is likely to facilitate the onset of a caldera collapse.

Are Torfajökull magmas invading the Hekla/Vatnafjöll volcanic system? Some preliminary results

Guðrún Sverrisdóttir og Sæmundur Ari Halldórsson

Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland.

Volcanic systems in Iceland have been defined in different ways and boundaries between them are often rather ambiguous and questionable. An archetype volcanic system in Iceland, is generally believed to consist of a central volcano and a corresponding fissure swarm that erupt magmas from the same source. In reality, Icelandic volcanic systems are likely much more diverse and complicated. For example, interactions between two plumbing systems are well documented for some Icelandic volcanic systems (e.g., Mørk, 1984) as well as for the Kilauea-Mauna Loa systems on Hawaii (Rhodes et al., 1989).

The Hekla/Vatnafjöll system is a good example of this confusing nomenclature. Hekla has been regarded as a typical Icelandic volcanic system where the central volcano erupts evolved magmas through ca. 4 km long fissures, repeatedly opening on the volcano summit. In contrast, the approximately 60 km long fissure system erupts magmas of basaltic compositions, forming hyaloclastic ridges during glacial times, and lava flows following deglaciation. Most of these formations are near-parallel to the NE-SW heading of the Hekla summit crater. Vatnafjöll is a parallel and prominent mountain complex just east of Hekla, consisting of closely spaced, three to four hyaloclastite ridges. No volcanic center is evident, but the fissure system has erupted during glacial times and in early Holocene. The erupted material is dominated by basalts whose composition is strikingly similar to basalts associated with the Hekla system (Jakobsson, 1979). However, a narrow and steep, ca. 1 km long hyaloclastite ridge, visible in the NE corner of Vatnafjöll reveals outcrop of rhyolitic intrusive rocks. The rhyolite is a porphyritic obsidian, and hand specimens resemble those from the Rauðfossafjöll silicic tuya formations which lie 5 km NE of Vatnafjöll and have been regarded as being part of the Torfajökull volcanic system (e.g., McGarvie et al. 2006). It´s characteristics differ thus notably from Hekla rhyolites which generally contain a small proportion of phenocrysts. In light of these findings, it is interesting to note that Chekol et al. (2011) also reported the occurrence of silicic pumice among the Hekla 2000 eruptive products, which did not resemble Hekla rhyolites chemically and isotopically. Notably, these rhyolites are mildly peralkaline rhyolites of similar chemical composition as Torfajökull rhyolites.

